

Mars 2024



Stefnumið í jafnréttis- og mannréttindamálum

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Útgefandi:

Utanríkisráðuneytið

Mars 2024

postur@utn.is

Umbrot og textavinnsla:

Utanríkisráðuneytið, þróunarsamvinnuskrifstofa

©2024 utanríkisráðuneytið

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	4
2. Leiðarljós	5
3. Málefnaáherslur Íslands	6
3.1 Valdefling kvenna og stúlkna	7
3.2 Aukin borgaraleg réttindi.....	8
3.3 Bætt lagaleg og félagsleg staða hinsegin fólks.....	8
3.4 Bætt kyn- og frjósemisheilbrigði og –réttindi	9
3.5 Uppræting kynbundins og kynferðislegs ofbeldis	10
3.6 Aukin þátttaka karla og drengja í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna.....	11
4. Innra starf	12
4.1 Vitundarvakning og málefna-starf.....	12
4.2 Mannréttindamiðuð nálgun og samþætting kynjasjónarmiða	12
4.3 Kyngreind tölfræði og áætlanagerð.....	13
4.4 Forvarnir gegn kynferðislegri misbeitingu, ofbeldi og/eða misnotkun.....	13
4.5 Ábyrgð, eftirlit og árangur	13

1. Inngangur

Stefnumið þessi áréttar sýn Íslands á sviði mannréttinda og jafnréttis kynjanna í þróunarsamvinnu sem er áhersluatriði í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028. Þar er áréttað að virðing fyrir mannréttindum, jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna og stúlkna eru undirstaða framfara, velsældar og efnahagsþróunar. Á sama tíma hefur víða um heim orðið bakslag hvað varðar mannréttindi, kynjajafnrétti og lýðræði. Jafnvel í löndum þar sem þessi gildi hafa verið álitin traust í sessi hefur verið sótt að þeim, hvort sem það eru borgaraleg réttindi, kyn- og frjösemissréttindi eða mannréttindi hinsegin fólks. Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að vinna gegn því bakslagi sem orðið hefur verið og að frekari umbótum hvað varðar mannréttindi og jafnrétti kynjanna.

2. Leiðarljós

Ísland leggur mannréttindi til grundvallar stefnu sinni um alþjóðlega þróunarsamvinnu fyrir árin 2024-2028, setur jafnrétti kynjanna og réttindi barna í öndvegi og styður við berskjaldaða hópa, þar á meðal hinsegin fólk og fatlað fólk. Lagt er upp með að þróunarsamvinna Íslands endurspegli þannig þau gildi sem íslenskt samfélag hefur í heiðri; virðingu fyrir lýðræði, mannréttindum, fjölbreytileika, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu¹.

Í stefnunni eru *mannréttindi og jafnrétti kynjanna* bæði sértæk og þverlæg áhersluatriði sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi. Samþætta skal kynja- og umhverfissjónarmið í verkefni á vegum íslenskra stjórnvalda og þess gætt að í vöktun og úttekjum á verkefnum fái þessi málefni vandaða umfjöllun.

Mannréttindi og jafnrétti kynjanna liggja þvert á ýmis málefnasvið utanríkisráðuneytisins og mikilvægt er að gæta að skörun og samþættingu í starfi ráðuneytisins. Sterk staða Íslands á sviði jafnréttismála sýnir að Ísland hefur mikið fram að færa á alþjóðavettvangi og getur gegnt forystuhlutverki í málaflokknum. Þá skal Ísland hlúa vel að öllu mannréttinda- og jafnréttisstarfi og sýna metnað í hvívetna, hvetja til nýsköpunar og auka umfang farsælla verkefna eftir því sem kostur er.

Með samstilltu alþjóðlegu átaki hafa unnist áfangasigrar í átt að kynjajafnrétti sem mikilvægt er að standa vörð um. Enn fremur er mikilvægt að verjast því alvarlega bakslagi sem víða hefur orðið undanfarin ár hvað varðar virðingu fyrir mannréttindum, kynjajafnrétti og lýðræði.

Framangreindar áherslur Íslands endurspeglast jafnt í verkefnum sem og í málsvarastarfi.

¹ 811/154 þál. í heild: alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands fyrir árin 2024--2028 | Þingtíðindi | Alþingi (althingi.is)

3. Málefnaáherslur Íslands

Mannréttindi og jafnrétti kynjanna eru leiðarljós í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og hafa verið það um árabíl. Í ljósi mikilvægis mannréttinda og kynjajafnréttis fyrir framgang heimsmarkmiðanna, og í ljósi þess bakslags sem víða hefur orðið, er í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 lögð enn meiri áhersla á þennan málaflokk en áður. Ísland beitir mannréttindamiðaðri nálgun í þróunarsamvinnu á þeim forsendum að takmarkanir á, og virðingarleysi fyrir mannréttindum, þ.m.t. kynjamisrétti, séu orsakavaldur annarra vandamála, svo sem misskiptingar eða fátæktar, ekki afleiðing þeirra. Gætt er sérstaklega að virðingu fyrir mannréttindum þar sem neyð ríkir og átök geisa og einnig unnið að því að viðbrögð við og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi verði efldar. Lögð er áhersla á valdeflingu kvenna og stúlkna annars vegar og aukna þátttöku karla og drengja í jafnréttisbaráttunni hins vegar, sem áhrifaríkar leiðir til að takast á við áskoranir samtímans og stuðla að framgangi heimsmarkmiðanna. Íslensk stjórnvöld leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi markmið sem fjallað er um nánar hér á eftir:

- i. Valdeflingu kvenna og stúlkna
- ii. Aukin borgararleg réttindi
- iii. Bætta lagalega og félagslega stöðu hinsegin fólks
- iv. Bætt kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi
- v. Upprætingu kynbundins og kynferðislegs ofbeldis
- vi. Aukna þátttöku karla og drengja í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna

3.1 Valdefling kvenna og stúlkna

Valdefling kvenna og stúlkna er forsenda efnahagslegra og samfélagslegra framfara frekar en afleiðing hennar og er saga Íslands frá sjálfstæði nærtækt dæmi um það. Mikil samlegð er á milli valdeflingar kvenna og stúlkna og annarra markmiða í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands enda felur hún í sér öflugna leið til að draga úr fátækt, stuðla að uppbyggingu mannauðs og bættum lífsskilyrðum, en það eru yfirmarkmið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands.

UN Women er áherslustofnun í alþjóðlegri þróunarsamvinnu

UN Women er ein af áherslustofnunum í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og er eina stofnun SP sem vinnur alfarið að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna. Stofnunin gegnir þrjúþættu umboði, í fyrsta lagi veitir hún reglumótandi aðstoð í þágu kynjajafnréttis í alþjóðastofnunum, í öðru lagi annast hún samræmingu á aðgerðum í þágu kynjajafnréttis innan SP, og í þriðja lagi sinnir hún starfsemi og verkefnum í þágu kynjajafnréttis á vettvangi. Kjarnaframlög Íslands til stofnunarinnar hafa hækkað umtalsvert síðustu ár og veitir rammasamningur fyrir tímabilið 2024-2026 samstarfinu umgjörð. Ísland er næst stærsta framlagsríki UN Women miðað við höfðatölu og hefur stutt stofnunina frá því að hún var sett á laggirnar árið 2010. Auk kjarnaframlaga veita íslensk stjórnvöld framlög til starfsemi UN Women á vettvangi í Afganistan, Malaví, Úkraínu, Jórdaníu og víðar.

Bætt aðgengi að hreinu vatni og vatnsbólum er áhersluatriði í starfi Íslands, ekki síst í tengslum við valdeflingu kvenna og stúlkna. Í samstarfslöndum Íslands fellur tímafrekt verkefni vatnsöflunar yfirleitt í hlut kvenna og stúlkna og því er bætt aðgengi að hreinu vatni í nærsamfélögum lykilatriði í að liðka fyrir aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífi, menntun og á öðrum vettvangi samfélagsins.

Jafn **réttur drengja og stúlkna til menntunar** eru grundvallarmannréttindi. Menntun er auk þess ein árangursríkasta leiðin til að bæta lífsskilyrði og draga úr fátækt og misrétti. Sérstök áhersla á menntun stúlkna skiptir miklu máli en stúlkur í fátækari ríkjum hrekjast í ríkari mæli úr námi en drengir. Menntun stúlkna á grunnskólaaldri hefur margfeldisáhrif, þær eru líklegri til að ganga seinna í hjónaband, búa við betra heilsufar, eignast færri börn og afla sér frekari menntunar. Í tvíhliða þróunarsamvinnu er lögð áhersla á að skapa aðstæður sem hvetja börn til að ljúka grunnskólagöngu og leggja þannig grunn að góðri menntun. Unnið er í samstarfi við foreldra, héraðsyfirvöld og fjölþjóðastofnanir við að veita heildrænan stuðning við skóla í samstarfshéruðum Íslands. Veittur er aðgangur að öruggu og drykkjarhæfu vatni, bæta hreinlætisaðstöðu og skólamáltíðir.

Í umhverfis- og loftslagsmálum er áhersla lögð á efnahagslega valdeflingu kvenna og virka þátttöku þeirra í stefnumótun og orkuskiptum. Konur bera víða þyngri byrði en karlar þegar kemur að afleiðingum loftslagsbreytinga og eru atvinnuvegir þar sem konur eru í meirihluta ekki síst útsettir. Sömu sögu er að segja um orkufátækt sem bitnar fremur á konum, enda sinna þær frekar heimilisstörfum og ólaunuðum umönnunarstörfum en karlar. Orkufátækt dregur úr aðgangi kvenna að menntun og efnahagslegum tækifærum og gerir þær útsettar fyrir heilsuspillandi áhrifum mengandi orkugjafa. Kynjajafnréttissjónarmið eru einnig einkar mikilvæg í aðlögunarverkefnum (e. adaptation) þar sem áhersla þarf að vera lögð á að sporna við aukinni hættu á kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi vegna loftslagsáhrifa, sem og að beina

fjárfestingum að valdeflandi verkefnum sem stuðla að þátttöku kvenna í atvinnulífinu.

Þátttaka kvenna í friðarviðræðum og við gerð friðarsáttmála leiðir að jafnaði til varanlegri, traustari og jafnari friðar og úrlausnar. Þá gegna kvenréttindasamtök og aðrar kvennahreyfingar oft lykilhlutverki í **að fyrirbyggja átök**. Áhersla er lögð á að styðja við þátttöku kvenna í friðarviðræðum bæði í samstarfi við SB sem og félagasamtökum á vettvangi.

3.2 Aukin borgaraleg réttindi

Undanfarin ár hefur lýðræði víða átt undir högg að sækja og virðing fyrir lýðræðislegum gildum og mannréttindum hefur sætt bakslagi. Áhersla á aukin borgaraleg réttindi í alþjóðlegri þróunarsamvinnu lýsir sér í viðleitni til að vinna gegn alræðisþróun og mismunun, ásamt því að beita sér fyrir bættum stjórnarháttum, eflingu réttarríkisins og vörslu mannréttinda.

Virðing fyrir mannréttindum er ein af forsendum framfara. Ísland leggur áherslu á að verja mannréttindi í þróunarsamvinnusamhengi og endurspeglast sú áhersla í samskiptum við samstarfsríki sem og í málsvarastarfi á alþjóðavettvangi. Þá felur **mannréttindamiðuð nálgun Íslands** í alþjóðlegri þróunarsamvinnu í sér að mannréttindi séu höfð til hliðsjónar þegar þróunarsamvinnuverkefni eru mótuð, framkvæmd og metin. Ásamt mannréttindamiðari nálgun í verkefnum leggur Ísland áherslu á stuðning við sértæk mannréttindaverkefni, einkum hvað varðar réttindi hinsegin fólks og réttindi fatlaðs fólks.

Stuðningur við verkefni UNDP um eflingu réttarríkis og mannréttinda

Árið 2024 hóf Ísland samstarf við hnattrænt verkefni UNDP um eflingu réttarríkis, mannréttinda, dóms- og öryggismála í þróunarríkjum. Verkefnið styður við áherslur Íslands á mannréttindi og jafnrétti kynjanna, en einnig starf í þágu stöðugleika og friðar, þar sem borgaraleg réttindi, lýðræði og bætt stjórnarfar eru meðal áherslumála. Verkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 2008 og er nú í sínum fjórða fasa sem miðar sérstaklega að umbreytingu samfélagskerfa, aukningu viðnámsþróttar og að enginn verði skilinn eftir. Samningur um verkefnið var gerður vorið 2024 til fimm ára.

Öflugir **frjálsir fjölmiðlar** eru ein af grunnstoðum lýðræðisríkja og gegna þeir lykilhlutverki í að veita stjórnvöldum aðhald ásamt því að vinna gegn spillingu og misbeitingu valds. Áhersla á frjálsa fjölmiðlun og öryggi blaðafólks er mikilvægur hlekkur í þróunarsamvinnu Íslands í aukningar borgaralegra réttinda og styður Ísland við verkefni á því sviði hjá Mennta- og menningamálastofnun SB, UNESCO.

Þá stuðlar Ísland einnig að uppbyggingu lýðræðis í gegnum **kosningaefirlit**, einna helst á vegum Skrifstofu fyrir lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (e. Office for Democratic Institutions and Human Rights, ODIHR) hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) þar sem kosningaefirlit fer fram eftir þörfum í aðildarríkjum stofnunarinnar.

3.3 Bætt lagaleg og félagsleg staða hinsegin fólks

Réttindi hinsegin fólks eru víða fótum troðin og styrking á lagalegri og félagslegri stöðu þeirra er mikilvægur liður í jafnréttis- og

mannréttindaáherslum Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Þróunin á síðustu árum hefur farið versnandi í fjölmörgum löndum, þar á meðal í samstarfslöndum Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu, en bakslagið í málefnum hinsegin fólks er nátengt bakslagi í mannréttinda- og jafnréttismálum.

Geta félagasamtaka sem vinna að réttindum hinsegin fólks hefur eflst til muna á síðustu árum. Í þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á að auka stuðning við slík samtök enn frekar og tengja hann við málsvarastarf á vettvangi alþjóðastofnana á sviði mannréttinda og jafnréttismála. Í samstarfi Íslands við Mannréttindaskrifstofu SÞ (OHCHR) er einnig sérstaklega stutt við átaksverkefnið „UN Free and Equal“ sem vinnar að réttindum hinsegin fólks hvarvetna í heiminum og þvert á Sameinuðu þjóða kerfið.

Fylgst er náið með **stöðu hinsegin fólks í tvíhliða samstarfslöndum Íslands** en víða er í gildi hörð löggjöf gegn þessum hópi. Mannréttindi eru þverlægt áhersluatriði í allri tvíhliða þróunarsamvinnu en horft er til þess að auka enn frekar stuðning við sértæk mannréttindaverkefni, einkum á sviði réttinda hinsegin fólks og fatlaðs fólks. Í tvíhliða samstarfslöndum Íslands leggja íslensk stjórnvöld áherslu á stuðning við félagasamtök sem vinna að mannréttindum á víðum grunni og gjarnan í fleiri en einu landi. Það helgast af því að bakslag í baráttunni fyrir réttindum hinsegin fólks gerist þvert á landamæri og er það nátengt almennri stöðu mannréttinda.

Stuðningur við Global Equality Fund

Samstarf við Global Equality Fund er mikilvægur hlekkur í stuðningi Íslands við málefni hinsegin fólks í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Bandaríska utanríkisráðuneytið heldur utan um sjóðinn en hann vinnur að eflingu félagasamtaka sem vinna að málefnum hinsegin fólks í fátækari ríkjum um heim allan. Með því að veita beina styrki til félagasamtaka, ásamt því að bjóða upp á ýmis konar stjórnunaraðstoð og málsvarastarf, er sjóðurinn skilvirkur og áreiðanlegur samstarfsaðili. Bakslag gegn hinsegin fólki er ekki síst fyrirferðamikili í fátækari ríkjum og starf sjóðsins til að styrkja mannréttindafrömuði á vettvangi því einkar mikilvægt.

3.4 Bætt kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi

Í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á bætt kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi kvenna og stúlkna en þessi réttindi eru víða á undanhaldi og aðgengi að þjónustu ábótavant.

Konur og stúlkur mæta mörgum hindrunum þegar kemur að kyn- og frjósemisheilbrigði þeirra bæði lagalegum og samfélagslegum, hvort sem um er að ræða þjónustu eða fræðslu. Lögð er áhersla á bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu sem gefur konum og stúlkum aukin tækifæri til samfélagsþátttöku og aukna hlutdeild í efnahagslegum ábata. Mikilvægt er að aðgangur að getnaðarvörnum og upplýsingum um kynheilbrigði sé tryggður körlum, konum og ungu fólki. Margvíslegar áskoranir eru á þessu sviði þ.m.t. limlesting á kynfærum kvenna sem er heilbrigðisvandamál, alvarlegt brot á mannréttindum og birtingarmynd á kynbundnu misrétti og ofbeldi sem nauðsynlegt er að bregðast við.

Afnám kynfæralímle stinga

Á vettvangi SP hafa íslensk stjórnvöld stutt við verkefni á vegum UNICEF og UNFPA um afnám límle stinga á kynfærum kvenna og stúlkna frá árinu 2011. Verkefnin eru starfrækt í 17 löndum, þar á meðal í Úganda sem er eitt af samstarfsríkjum Íslands í þróunarsamvinnu. Markmið verkefnisins er að vinna gegn kynfæralímle stingum kvenna, og stuðla að vitundarvakningu og sinna málsva starfari um mála flokkinn bæði í samstarfslöndum sem og á alþjóðavettvangi.

Í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands er áhersla á aðgang kvenna að grunnheilbrigðisþjónustu, þá einkum bætt aðgengi að þjónustu og upplýsingum um kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi. Einnig styður Ísland við rétt fæðandi kvenna til heilbrigðisþjónustu, mæðravernd og fræðslu á meðgöngu. Efling grunnþjónustu og styrking stofnana sem sinna þessari þjónustu er hagkvæm leið til að bæta lífskjör þeirra sem búa við fátækt og ójöfnuð.

UNFPA lykilsamstarfsaðili

Ísland styður við margvísleg verkefni á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda í samstarfi við Mannfjöldasjóð SP (UNFPA). Eru þar með talin verkefni í Malaví, Síerra Leóne og Úganda sem miða að því að útrýma fæðingarfstli. Fæðingarfstill er alvarlegt og viðvarandi vandamál í fátækustu ríkjum heims þar sem algengt er að barnungar stúlkur eignist börn, en kvillinn þekkist varla á Vesturlöndum. Orsök fæðingarfstils er rifa í fæðingavegi, t.d. milli ristils og legganga sem ekki er meðhöndluð. Konur sem þjást af fæðingarfstli eiga því oft erfitt með að hafa stjórn á þvaglátum eða hægðum. UNFPA er ein af áherslustofnunum Íslands í þróunarsamvinnu og er mikilvægur samstarfsaðili á vettvangi í mannúðaraðstoð. Rammasamningur á milli Íslands og UNFPA veitir samstarfinu umgjörð og Ísland veitir umtalsverð árleg kjarnaframlög til stofnunarinnar.

3.5 Uppræting kynbundins og kynferðislegs ofbeldis

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi er eitt útbreiddasta mannréttindabrot í heimi. Brýnt er að vinna að heildstæðum lausnum með því að útvega úrræði fyrir þolendur eins og heilbrigðisþjónustu og sálfélagslegan stuðning, samhliða því að tryggja lagaúrbætur og réttláta dómsferðferð. Einnig er mikilvægt að ná til gerenda ofbeldis og stuðla að breyttum samfélagsviðhorfum.

Þvinguð hjónabönd barna eru ein birtingarmynd þessa ofbeldis. Þessi tegund hjónabanda tíðkast enn þrátt fyrir að lög gegn þeim hafi verið samþykkt í flestum ríkjum. Talið er að tólf milljónir barnunga stúlkna séu þvingaðar í hjónaband ár hvert.

Uppræting kynbundins- og kynferðislegs ofbeldis í tvíhliða þróunarsamvinnu

Unnið er markvist að upprætingu kynbundins- og kynferðislegs ofbeldis í tvíhliða þróunarsamvinnu þar sem mála flokkurinn er m.a. samþættur inn í héraðsverkefni í Malaví og Úganda. Sem dæmi má nefna að í Buikwe-héraði í Úganda hefur Ísland stutt við getuuppbyggingu héraðsins á þessu sviði og í Malaví hefur Ísland stutt við rannsóknargetu Mannréttindastofnunar Malaví hvað varðar rannsóknir á kynbundnum og kynferðislegum ofbeldismálum.

Einnig hefur mikilvægur árangur í upprætingu barnahjónabanda áunnist í Malaví þar sem þorpshöfðingjar hafa lyft grettistaki í sporna við þvinguðum hjónaböndum barna.

Jafnrétti og mannréttindi eiga iðulega undir högg að sækja í kjölfar átaka og hamfara en ofbeldi eykst oft í kjölfar slíkra atburða. Ísland leitast við að vernda réttindi fólks, einkum kvenna og stúlkna, á slíkum svæðum með áherslu á að auka þátttöku þeirra í formlegu starfi við friðaruppbyggingu og friðarviðræðum.

Kynslóð jafnréttis

Ísland, ásamt Bretlandi, Kenía og Úrúgvæ, leiðir aðgerðabandalag gegn kynbundu ofbeldi. Er aðgerðabandalagið hluti af verkefni UN Women, **Kynslóð jafnréttis** (e. Generation Equality Forum), hófst árið 2020 í tilefni 25 ára afmælis fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin var í Peking árið 1995. Í bandalaginu móta ríkin þær áherslur og aðgerðir sem leiða skulu til úrbóta á þessu sviði í samræmi við heimsmarkmið SP.

3.6 Aukin þátttaka karla og drengja í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna

Enn er langt í að fullu jafnrétti kynjanna verði náð. Mikilvægt er að huga að þátttöku karla og drengja í jafnréttisbaráttunni, einkum til að ýta úr vegi samfélagslegum hindrunum og til að uppræta skaðlegar staðalímyndir kynjanna. Hefur áhersla á mikilvægi þátttöku karla og drengja m.a. verið áberandi í samþykktum kvennanefndar SP (CSW) síðustu ár.

Ísland vinnur **öflugt málsvarastarf og stuðlar að vitundarvakningu** hvað varðar þátttöku karla og drengja í þágu kynjajafnréttis. Hlutverk karla og drengja í að uppræta kynbundið ofbeldi ein af aðaláherslum Íslands undir formerkjum Kynslóðar jafnréttis. Haldið er uppi öflugum málsvarastarfi á vettvangi verkefnisins og styður Ísland sérstaklega við starf UN Women um þátttöku karla og drengja í þágu kynjajafnréttis, m.a. í gegnum HeForShe herferðina. Meginmarkmið er að auka eignarhald og þátttöku meðal karla og drengja í málefnum sem varða jafnrétti kynjanna. Einnig má nefna rakarstofuviðburði (e. Barbershop) sem Ísland kemur reglulega að á alþjóðavettvangi en tilgangur þeirra er að skapa svigrúm til að ræða jafnréttismál og greina hvernig hægt er að beita sér gegn kynjamisrétti og stuðla að kynjajafnrétti í nærumhverfi sínu.

Þátttaka karla og drengja í jafnréttisbaráttunni í tvíhliða þróunarsamvinnu

Í tvíhliða þróunarsamvinnu er hugað að þátttöku karla og drengja í að vinna að auknu kynjajafnrétti með ýmsum hætti. Sem dæmi ná nefna að í Namayingo-héraði í Úganda fá drengir jafnt við stúlkur þjálfun í gerð fjölnota dömubinda ásamt fræðslu um mikilvægi tíðarheilbrigðis. Hefur þessi nálgun dregið úr stríðni og fordómum gagnvart stúlkum á blæðingum.

4. Innra starf

4.1 Vitundarvakning og málefnastarf

Staða Íslands á sviði mannréttinda og jafnréttismála í alþjóðlegum samanburði gerir það að verkum að málflutningur Íslands fær góðan hljómgrunn. Stöðunni fylgir jafnframt mikil ábyrgð og því er nauðsynlegt að halda góðri stöðu heima fyrir og skorast ekki undan gagnrýnni skoðun og endurbótum ef þurfa þykir. Í þróunarsamvinnu er mikilvægt að deila fúslega þeirri þekkingu og árangri sem hefur náðst en ekki síður að læra af öðrum ríkjum sem sýna gott fordæmi í jafnréttismálum.

Ísland mun áfram leitast við að taka virkan þátt í samstarfi sviði jafnréttismála í vinnuhópum framlagsríkja sem og á vettvangi alþjóðastofnana.

Í þróunarsamvinnu og í alþjóðlegum málflutningi Íslands skal ávallt hafa í huga að flókinn félagslegur veruleiki liggur að baki birtingarmyndum misréttis. Nálgun Íslands byggir á **sambættingu** (e. Intersectionality) sem felur í sér skilning á að fleiri þættir en kyngervi hafi áhrif á stöðu einstaklings í samfélagi. Þættir eins og félagsleg staða, kynhneigð, kynþáttur, kynvitund, kyntjáning, aldur, fötlun, og trúarbrögð geta skert möguleika til samfélagslegrar þátttöku. Einstaklingar geta tilheyrt fleiri en einum jaðarhópi og búið við margþætta mismunun.

Innleiðing jafnréttisvottunar í þróunarsamvinnu

Ísland hlaut gullvottun frá Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (United Nations Development Programme, UNDP) fyrir vinnu á sviði jafnréttismála og þróunarsamvinnu árið 2022. Ísland var jafnframt fyrsta framlagsríkið sem undirgekkst slíkt vottunarferli. Meðal þeirra atriða sem voru nefnd sérstaklega framúrskarandi í úttekt UNDP vegna jafnréttisvottunarinnar má nefna frumkvæði Íslands innan mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um árlegan jafnlaunadag sem haldinn hefur verið hátíðlegur frá árinu 2020, vinnu Íslands á sviði þróunarsamvinnu í Malaví þar sem unnið er heildstætt með samfélögum við að stuðla að kyn- og frjósemisheilbrigði, og starfi í Úganda þar sem Ísland aðstoðar héraðsyfirvöld við útrýma skaðlegum samfélagsviðhorfum varðandi tíðir kvenna og þar með auka aðgengi stúlkna að menntun.

4.2 Mannréttindamiðuð nálgun og sambætting kynjasjónarmiða

Mannréttindamiðuð nálgun í þróunarsamvinnustefnu gengur út frá þeirri grundvallarhugsun að brot, takmarkanir og virðingarleysi fyrir mannréttindum sé orsök annarra vandamála í þróunarríkjum á borð við misskiptingu, fátækt og spillingu, en ekki afleiðing þeirra. Erfitt sé því að leysa úr þeim margþætta vanda sem herjar á þróunarríkin fyrr en að borgarar þeirra njóti almennra mannréttinda og í raun megi færa rök fyrir því að mannréttindi séu grundvallarforsenda þess að hægt sé að leysa úr áskorunum til frambúðar. Mannréttindamiðuð nálgun hjálpar og valdeflir einstaklinga og samfélög til að krefjast þess af stjórnvöldum að þau virði, verndi og uppfylli mannréttindi þeirra. Til að mannréttindamiðuð nálgun uppfylli markmið sitt og standi undir nafni, þurfa mannréttindi að vera leiðandi í áætlanagerð, framkvæmd, mati og

eftirliti á hverju einasta verkefni í þróunarsamvinnu. Staða mannréttinda á Íslandi er góð í samanburði við aðrar þjóðir. Fyrir vikið erum við vel í stakk búin til að láta gott af okkur leiða í þeim efnunum.

Sambætting kynja- og jafnréttissjónarmiða er í forgrunni hjá íslenskum stjórnvöldum og er aðferð sem gengur út á að sjónarmið allra kynja séu til staðar þegar ákvarðanir eru teknar. Markmiðið er að tryggja að þarfir allra kynja séu uppfylltar og að ekki halli á eitt kyn. Þannig er gert ráð fyrir að tekið sé mið af fleiri mismunabreytum en kyni og með þeim hætti unnið gegn fjölþættri mismunun.

4.3 Kyngreind tölfræði og áætlanagerð

Frá árinu 2011 hefur Ísland notast við kynjajafnréttisstiku Þróunarsamvinnunefndar (DAC) Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Metur stikan hvort að verkefni í þróunarsamvinnu, framlög til alþjóðastofnanna og annarra verkefna hafi jákvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna og stúlkna. Ísland er meðal fremstu framlagsríkja á heimsvísu hvað varðar starf að jafnréttismálum innan þróunarsamvinnu sem endurspeglast í árlegri úttekt þróunarsamvinnunefndar OECD um notkun jafnréttisstiku.

Á undanförunum árum hafa um 80% af framlögum til tvíhliða þróunarsamvinnu og eyrnamerkta framlögum í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu hafa haft það markmið að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Um 8% verkefna Íslands hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði. Auk hinnar hefðbundnu flokkunnar sem DAC notar, hefur Ísland bætt við einum flokki til að fylgjast með framgangi umbreytandi jafnréttisverkefna. Umbreytandi verkefni hafa kerfisbundin áhrif sem umbylta stöðu jafnréttismála á tilteknu sviði. Þá beitir Ísland einnig aðferðum kynjasambættingar við fjárhagsáætlunargerð, en sú aðferð er í takt við áherslur um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Í aðferðinni felst að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi á öllum stigum fjárhagsáætlunargerðar, ásamt því að tekjur og útgjöld séu endurskipulögð í þeim tilgangi að stuðla að jafnrétti kynjanna.

4.4 Forvarnir gegn kynferðislegri misbeitingu, ofbeldi og/eða misnotkun

Ísland er hluti af samstarfi 22 ríkja um fyrirbyggingu kynbundins og kynferðislegs ofbeldis í þróunarsamvinnu. Ríkjahópurinn beitir sér fyrir samræmingu í stefnumótun á þessu sviði, m.a. í formi þess að allir samningar við samstarfsaðila í þróunarsamvinnu kveði á um forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og skýra ferla varðandi tilkynningar, rannsóknir og eftirfylgni þegar slík mál koma upp. Starfsfólk utanríkisráðuneytisins, eins og Stjórnarráðsins í heild, fær þjálfun og upplýsingar um hvernig bregðast skuli við í slíkum tilfellum og hvernig breyta eigi stofnanamenningu til að koma í veg fyrir slík tilvik.

4.5 Ábyrgð, eftirlit og árangur

Utanríkisráðuneytið hefur umsjón með framlögum til jafnréttis- og mannréttindamála í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og ber ábyrgð á að þau séu í samræmi við markmið og áherslur í stefnu Íslands í málaflokknum.

Ísland beitir heildrænni árangursstjórnun og er kyngreind tölfraedi mikilvæg aðferðafræði við vöktun og árangursstjórnun á sviði jafnréttismála. Öll verkefni og framlög Íslands skulu rýnd með markvissum hætti með tilliti til jafnréttismála og mannréttindaáherslna áður en til framkvæmda eða fjárframlaga kemur.

Þá tekur Ísland þátt í sérstökum vinnuhópi OECD DAC um jafnréttismál (GENDERNET) þar sem framlagsríki DAC eiga samskipti og samræmingu um jafnréttisáherslur í þróunarsamvinnu. Virk þátttaka Íslands í vinnuhópnum, sem og þátttaka Íslands í jafningjarýni DAC nýtist einkar vel við í tengslum við eftirlit og árangursmiðaða stefnumótun. Þar að auki framkvæmir tengslanetið MOPAN (Multilateral Organisations Performance Assessment Network), sem hýst er af þróunarsamvinnuskrifstofu OECD, óháðar úttektir á alþjóðastofnunum og fjölþjóðlegum þróunarsamvinnuverkefnum sem nýtast í eftirlitsstarfi.

Nánari upplýsingar um ábyrgð, eftirlit og árangur má sjá í stefnumiðum um fjölþjóðlega þróunarsamvinnu og úttektastefnu fyrir alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

